

## ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 3/1997

Líf og saga ehf.

gegn

samkeppnisráði

### I.

Með bréfi, dags. 22. janúar 1997, er barst áfrýjunarnefnd 24. janúar s.á., hefur Sigmundur Hannesson, hrl., fyrir hönd Lífs og sögu ehf., kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1996](#), dags. 20. desember 1996.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að samkeppnisyfirvöld hafi með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1996, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 8/1996, kveðið á um réttarstöðu málsaðila samkvæmt samkeppnislögum og að réttarúrræði samkeppnisyfirvalda hafi því verið tæmd. Aðrir þættir málsins snúi að einkaréttarlegri vernd á sviði höfundarréttar. Í ákvörðunarorðum segir síðan: „Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til frekari íhlutunar í tilefni af erindi Lífs og sögu ehf.“.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefndin felli framangreinda ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi og leggi fyrir ráðið að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1996, dags. 20. desember 1996, verði staðfest með vísan til forsendna.

## II.

Aðdraganda máls þessa og meðferð samkeppnisyfirvalda er lýst í hinni kærðu ákvörðun. Hér skal þó rakin í stuttu máli forsaga þessa máls.

Með bréfi, dags. 29. janúar 1996, barst Samkeppnisstofnun erindi frá áfrýjanda vegna fyrirhugaðrar útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni „Dear Visitor“. Í erindinu var greint frá því að áfrýjandi hefði gefið út bækur undir nafninu „Gestur“ í fjögur ár og fimmta bókin væri væntanleg í maí 1996. Þá kom fram að Helgi Steingrímsson sem var ritsjóri bókarinnar hafi hætt störfum fyrirvaralaust hjá áfrýjanda og gengið til samstarfs við Miðlun ehf. sem nú væri að undirbúa útgáfu á samskonar bók undir nafninu „Dear Visitor“.

Með ákvörðun nr. 16/1996 úrskurðaði samkeppnisráð að Miðlun ehf. hefði með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu „Dear Visitor“ brotið gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð taldi að ekki hefði verið brotið gegn 25. og 27. gr. laganna. Ákvörðunin var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti hana.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála 24. febrúar 1997.

## III.

Áfrýjandi gerir þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og málið tekið til efnislegrar meðferðar.

Áfrýjandi bendir á að þegar fyrra mál sitt hafi verið til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum, sem lauk með úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 8/1996, hafi bók sú sem hér er deilt um ekki verið komin út. Því sé um tvö aðskilin og sjálfstæð mál að ræða sem séu algjörlega óháð hvort öðru. Annars vegar sé um ágreining að ræða er varðar kynningu og sölu Miðlunar ehf. á fyrirhugaðri útgáfu á bókinni „Dear Visitor“. Hins vegar snúi mál þetta að brotum Miðlunar ehf. gagnvart áfrýjanda vegna útgáfu á

bókinni. Fyrst eftir að bókin hafi komið út hafi verið unnt að bera bækur áfrýjanda og Miðlunar ehf. saman. Þá hafi komið í ljós hve líkar þær voru. Augljóst sé við samanburð bókanna að bók Miðlunar ehf. sé eftirlíking af bók áfrýjanda að allri gerð og uppbyggingu. Meðal annars er bent á að fjöldi greina sé tekinn orðrétt upp úr bók áfrýjanda og birtar í bókinni „Dear Visitor“.

Áfrýjandi telur að Miðlun ehf. hafi þannig hagnýtt sér vinnu og viðskiptahugmynd áfrýjanda með ólögætum hætti sér til fjárhagslegs ávinnings. Ljóst sé því að útgáfan sem slík sé skýrt brot á samkeppnislögum.

Samkeppnisráð telur að það hafi þegar tekið til úrlausnar þann ágreining sem hér er til umfjöllunar. Með ákvörðun nr. 16/1996, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 8/1996, hafi samkeppnisyfirvöld kveðið á um réttarstöðu aðila samkvæmt samkeppnislögum og hafi réttarúræði samkeppnisyfirvalda í þessu máli verið tæmd. Ráðið telur að aðrir þættir snúi að einkaréttarlegri vernd á sviði höfundarréttar sem samkeppnisyfirvöldum sé ekki ætlað að skera úr um.

Lögmaður Miðlunar ehf. hefur tekið undir kröfur og málsástæður samkeppnisráðs.

#### **IV.**

##### **Niðurstöður.**

###### **1.**

Mál þetta fjallar um það hvort ritstjóri „Dear Visitor“ sem fyrirtækið Miðlun ehf. gefur út hafi með útgáfu bókarinnar brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Ritstjórinn var áður ritstjóri sambærilegrar bókar „Gests“ sem áfrýjandi gaf út. Hann hafði hætt starfi að eigin ósk hjá fyrirtækinu um mánaðarmótin nóvember/desember 1995 og hóf störf hjá Miðlun ehf. að útgáfu bókarinnar „Dear Visitor“. Í upphaflegri kæru til Samkeppnisstofnunar taldi áfrýjandi að fyrrnefnda bókin væri augljós eftirlíking af bók sinni að allri gerð og uppbyggingu.

###### **2.**

Í fyrri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1996 kom fram að Miðlun ehf. hafi „með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga...“. Ennfremur segir: „Miðlun ber að gæta þess vandlega í viðskiptum sínum að skýrt komi fram að Helgi Steingrímsson standi ekki lengur að ritinu Gesti“.

Að svo vöxnu máli getur útgáfa ritsins „Dear Visitor“ komið til sjálfstæðrar skoðunar hjá samkeppnisyfirvöldum.

Í 27. gr. samkeppnislaga segir svo:

„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.“

Samanburður bókanna „Dear Visitor“ og „Gests“ sýnir að í mörgum tilvikum er að finna sömu eða mjög sambærilegar greinar í báðum bókunum og eru þær sumpart skreyttar sömu ljósmyndum. Fleiri samlíkingar má ennfremur finna.

### 3.

Telja verður að atriði við frumhönnun, útlit og efni bókar af þeirri gerð sem hér um ræðir geti falið í sér atvinnuleyndarmál sem eðlilegt er að eigi að fara leynt. Það gildir án tillits til þess hvernig réttarstaða að höfundarrétti kann að horfa við. Ekki ræður úrslitum í þessu sambandi þótt unnt sé að finna sambærileg rit erlendis. Aðalatriðið er hvort sú sérstaka þekking sem hafði áunnist við útgáfu bókarinnar „Gests“ hafi með einhverjum hætti nýst fyrirtækinu Miðlun ehf. er ritstjórinn hóf þar störf sem ritstjóri bókarinnar „Dear Visitor“, þannig að óeðlilegt megi teljast út frá samkeppnissjónarmiðum.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að atvinnuleyndarmál hafi verið rofið með óeðlilegum hætti í tengslum við útgáfu bókarinnar „Dear Visitor“.

Af framansögðu leiðir að ekki verður hjá því komist að fella ákvörðun nr. 41/1996 úr gildi.

## V.

### Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1996, dags. 20. desember 1996, er felld úr gildi.

Reykjavík, 26. mars 1997.

Stefán Már Stefánsson

Andri Árnason

Kirstín Flygenring

Rétt endurrit staðfestir;